

# Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 86 – 22.05.2007

---

Þriðjudaginn 22. maí, árið 2007, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.00 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason, Páll Dagbjartsson og Pétur Valdimarsson, Páll Pálsson veitustjóri, Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

## DAGSKRÁ:

1. Kynningarbæklingur Skagafjarðarveitna sem er í vinnslu.
2. Gjaldskrármál hitaveitu.
3. Lántökur v/ framkvæmdanna út að austan.
4. Önnur mál.
  - a. Bréf Sögufélagi Skagfirðinga
  - b. Bréf frá söfnuði Ketukirkju
  - c. Bréf frá Skagafjarðardeild Rauða kross Íslands.

## AFGREIÐSLUR:

Einar Gíslason setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Lögð fram nýjustu drög af kynningarbæklingi.
2. Páll Pálsson lagði fram upplýsingar um að byggingavísitalan hafi hækkað um 4.25% frá 1.des 2006. Einnig kynnti hann útreikninga frá Verkfræðistofunni Stoð ehf. á kostnaði á orkueiningu á heituvatni vegna samræmingar á milli svæða á veitusvæði Skagafjarðarveitna ehf. Stjórn Skagafjarðarveitna ehf. samþykkir að hækka gjaldskrá hitaveitu um 4% frá 1. júlí 2007, jafnframt að leiðrétta verð á orkueiningu á milli svæða.
3. Páll Pálsson kynnti þá lánamöguleika sem Skagafjarðarveitur ehf. hafa hjá Lánasjóði Sveitarfélaga. Páli falið að vinna áfram að málinu.
4. Önnur mál.
  - a. Lagt fram þakkarbréf dags 7. maí 2007 frá Sögufélagi Skagfirðinga vegna stuðnings við ritun þáttar um Jón Nikódemussonar.
  - b. Lagt fram bréf frá söfnuði Ketukirkju á Skaga þar sem óskað eftir fjárstuðningi. Erindinu er hafnað.
  - c. Lagt fram bréf dags 15. maí 2007 frá Skagafjarðardeild Rauða kross Íslands þar sem óskað er eftir fjárstuðningi. Erindinu er hafna.

Einar Gíslason (sign)  
Páll Dagbjartsson (sign)  
Pétur Valdimarsson (sign)  
Páll Pálsson (sign)

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.05  
Árni Egilsson ritari (sign)

Fundurskv070522

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.  
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.  
This page will not be added after purchasing Win2PDF.